

Afstöðumynd
mkv: 1:500

N

Byggingarlýsing

Sótt er um leyfi fyrir 460,5 m2 parhúsi á einni hæð á lóðinni við Völuskarð 21, landeignanúmer L227985.

Burðarvirki:
Sökklar, botnplata, útveggir, burðarveggir og bílskúrsveggir eru staðsteyptir með járnbentri steinsteypu. Þak húsanna er einhalla sperruþak. Burðarvirki hússins er í svignunarflokki A

Einangrun, veðurkápa og loftun:
Sökklar eru einangraðir með 50mm plasteinangrun 500mm niður fyrir botnplötu sem er einangruð með 100mm plasteinangrun. Útveggir hússins eru einangraðir að utanverðu með 100mm steinull og klæddir dökkri málmklæðningu í amk. flokki 2. Litur, efni og frágangur ákveðast í samráði við arkitekt, sbr. séruppdrætti.

Þökin er einangruð með 225mm þakull á milli sperra og klædd krossviðsplötum. Á krossvið er bræddur tvöfaldur asfaltdúkur í flokki T af viðurkenndri gerð.

Loftun og loftræsting:
Til að koma í veg fyrir skemmdir vegna uppsafnaðrar rakaþéttingar skulu öll rými hússins ásamt útveggjum og þaki vera loftuð ýmist náttúrulega eða vélrænt. Til að koma í veg fyrir aðgang meindýra eru skordýranet í öllum loftunargötum.

Frágangur innanhúss:
Innveggir eru 70mm veggjagrind, einangraðir með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 12mm gipsplötum og 12mm krossviðsplötum þar sem á við.
Burðarveggir, bílskúrsveggir og veggir milli húsa eru steinsteyptir.
Votrýmisveggir eru ýmist hlaðnir úr vikri eða reistir með 70mm veggjagrind, einangraðir með steinullareinangrun og klæddir með tvöföldu lagi af rakaþolnum gipsplötum. Öll byggingarefni í íbúðarrými skulu vera í amk flokki 2. Í votrýmum er gert ráð fyrir gólfniðurföllum og gluggalaus rými eru búin vélrænni loftræstingu.

Gler, gluggar og hurðir:
Allir gluggar og hurðir eru ýmist timbur-timbur eða timbur-ál.
Opnanleg fög og hurðar eru með opnunarstillingum til útloftunar og eða loftunarrist í gluggakörmum. Allir gluggar eru með amk. U-gildi 1,2. Öryggisgler er í gólfsíðum gluggum og rennihurðum. Þar sem sambrunahætta er á milli húsanna er komið fyrir E30 gleri í gluggum.

Brunavarnir:
Hvoru húsi er skipt upp í tvö brunahólf, íbúð og bílskúr, með brunamótstöðu REI60 í veggjum og EI30CS í hurðum. Veggur milli húsa er REI 120-M. Þar sem sambrunahætta er á milli húsanna er komið fyrir E30 gleri í gluggum.
Reykskynjarar eru í öllum herbergjum, í eldhúsum, í stofum á göngum og í bílskúrum. Slökkvitæki er í bílskúrum og í anddyrum og eldvarnarteppi er í eldhúsum.
Björgunarop í svefnherbergjum eru þannig útbúin að þau haldast sjálf í opinni stöðu.

Yfirborðsefni í íbúðarrýmum ásamt utanhúsklæðningu eru lágmarki í flokki 2. Yfirborðsefni bílgeymslu er í flokki 1.

Hljóðvist:
Allir út- og innveggir eru einangraðir með steinull. Húsin eru aðskilin með 25mm þéttull og steyptum vegg sitthvoru megin við einangrun. Högghljóðleiðni milli íbúða Lw er minni en 53dB og lofthljóð einangrun milli íbúða Rw er stærri en 55dB.

Lagnir:
Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir. Kaldavatnslagnir eru lagðar undir plasteinangrun í botnplötu, en heitavatnslagnir eru steyptar í botnplötu. Gólfhitalagnir eru steyptar í gólfplötu. Inntök eru í bílskúrum og frárennslislagnir skulu leiddar í grunnlagnakerfi húsa.

Lóð:
Steyptur 90cm stoðveggur er framan við og til beggja hliða hússins og er hluti af heildarútliti hússins. Aftan við hús eru stallaðir stoðveggir með innfelldu beði sem tekur upp hæðamismun á lóðamörkum og kemur í veg fyrir fallhættu. Halli stöllunar veggsins er 45 gráður. Frágangur á lóðamörkum skal vera í samráði við nágranna og bæjaryfirvöld. Stoðveggur að lóðamörkum Hafnafjarðarbæjar er alfarið að kostnað eigenda.
Tvö bílastæði eru á við hvort hús. Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við bílastæði. Íbúðareigendur nýta sameiginlega djúpgámalóð fyrir sorplosun.

Athugasemdir:
Þakkantur nær 10-30cm út fyrir byggingarreit sbr. grein 5.1. gildandi deiliskipulags.
Allir aðkeyptir byggingarhlutar skulu bera vottun samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.
Húsið er ekki hannað samkvæmt algildri hönnun.
Frávik frá deiliskipulagi:
Gólfkóti hússins er 50cm lægri en skilgreindur gólfkóti í deiliskipulagi en skv. 4.2 grein deiliskipulags er heimilt að vera með frávik upp að 30cm á gólfkóta aðalhæðar.

Niðurstaða varmatapsútreikninga:

Útveggir	U=0,39 W/m²°K (Ti>=18°C)
Gluggar:	U=1,20 W/m²°K (Ti>=18°C)
Hurðir	U=2,00 W/m²°K (Ti>=18°C)
Þakvirki:	U=0,19 W/m²°K (Ti>=18°C)
Gólf:	U=0,30 W/m²°K (Ti>=18°C)

Vegið heildarvarmatap á fermetra húss er 1,15 W/m²°C

Birt flatarmál og brúttó rúmmál:

Mhl 1: 231,0 m2 og 952,9 m3
Mhl 2: 229,5 m2 og 946,8 m3

Samtals: 460,5 m2 og 1.901,8 m3

Stærð lóðar er 1.157,7 m2
Nýtingarhlutfall lóðar: 0,40

Samþykkt þann
07. JÚLÍ 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Helga Þórunn Ólafsdóttir

Skýringar

P	Bílastæði
S	Sorp
B	Beð
HP	Heitur pottur
LM	Lóðamörk
BR	Byggingarreitur
MHL	Matshlutanúmer
G	Hæðarkóti á lóðamörkum við götu skv hæðarblaði
L	Hæðarkóti á lóðamörkum við land skv hæðarblaði

Fyrirvari

Öll mál eru í millimetrum (mm), allir kótar eru í metrum (m). Mælið ekki af teikningum.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum, verklýsingum og teikningum annarra hönnuða.

Öll mál skal athuga á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

SHG
6.07.2021

Útgáfa	Breyting	Dags.	Teiknað	Yfirfarið
A	Útlit að framanverðu, hús lækkað um 20cm	02.07.21	ÁMÞ	AGLA

Völuskarð 21
Landeignanr. L227985

Parhús — 134
Tegund verks — Verknr.

Aðaluppdrættir — A2 / 1:500
Afstöðumynd — Stærð / mkv.

A-101 — A — 1/6
Raðnúmer — Útgáfa — Blað

ÁMÞ — AGLA — 02.07.21
Teiknað — Yfirfarið — Útgáfa dags.

TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR
Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | s: 519-2930 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FAÍ | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is
Guðni Valberg | Arkitekt FAÍ | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is
Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAÍ | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is

©Trípóli Arkitektar
Öll afnot og afritun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda.